

**Tilmæli 33/2012**

Fyrri númer:
B 284/miljø

Fjallað um í:
Umhverfis- og
náttúruauðlindanefnd

Málsnúmer: 12-00240-28

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu umhverfis- og náttúruauðlindanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að samþykkja og hrinda í framkvæmd ráðherranefndartillögu B 284 um *Norræna áætlun um sjálfbæra þróun* með þeim breytingum sem Norðurlandaráð leggur til og með þeim fyrirvara að tillögur um aðgerðir verði lagðar fram sem ráðherranefndartillaga á árinu 2013;

að tryggja að fagsviðin sem málið varðar skipuleggi starf sitt á grundvelli áætlunarinnar og forgangsraði verkefnum í samræmi við markmið hennar og að skýrsla um starfið verði lögð fyrir Norðurlandaráð á árinu 2013.

Helsingfors, 1. nóvember 2012

Kimmo Sasi

Forseti Norðurlandaráðs

Jan-Erik Enestam

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs